# EFTIRLITSSKÝRSLA

**Malbikstöðin Reykjavík - Esjumelar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Dags eftirlits** | 1.2.2023 | **Ábyrgðarmaður eftirlits** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Fyrirtæki** | Malbikstöðin | **Eftirlitsmaður** | Gottskálk Friðgeirsson |
| **Heimili** | Koparsléttu 6 - 8 | **Tegund eftirlits** | Umsýslueftirlit |
| **Kennitala** | 700402-7890 | **Flokkur** | Malbik |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Vilhjálmur Þór Matthíasson | **ÍSAT nr.** | 23.99.0 |
| **Fulltrúi fyrirtækis** | Sigurður M. Harðarson | **Staðsetning** | |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við yfirferð á gögnum sem rekstraraðili sendi eftir mælingar á útblæstri frá skorsteini verksmiðjunnar.

## UMFANG EFTIRLITS

Útblástursmælingar rekstraraðila vegna 2022 bárust fimmtudaginn 29. desember 2022.

Mælingar voru gerðar þann 27. október sl. og sáu Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. í Reykjavík og Rannsóknarþjónustan Maxxam Analytics í Kanada um úrvinnslu og greiningu sýnanna.

Við yfirlestur niðurstaðna kom í ljós að rykmagn í útblæstri var umfram leyfileg losunarmörk sem sett eru í starfsleyfiog er það skráð sem frávik. Einnig eru PAH efni umfram leyfileg losunarmörk og er það einnig skráð sem frávik.

Í grein 3.6 í starfsleyfi kemur fram að losunarmörk fyrir ryk (heildarryk) eru sett 50 mg/Nm$^3$ og losunarmörk fyrir PAH efni eru sett 0,0020 mg/Nm$^3$.

| Frávik frá | Lýsing á fráviki |
|---|---|
| ákvæði í grein 3.6 í starfsleyfi | Losun ryks er umfram leyfileg losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi. |
| ákvæði í grein 3.6 í starfsleyfi | Losun PAH-efna eru umfram leyfileg losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi. |

**ÁBENDINGAR**

Gerð er krafa um úrbætur á hreinsivirki verksmiðjunnar og/eða breytingar á starfsháttum svo losunarmörk séu virt.

Reykjavík, 14.02.2023

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.